

Númer námsbrautalýsinga framhaldsskóla

Skólar ákveða nöfn brauta en hver braut fær einkvætt auðkenni sem saman stendur af fjórum tölum. Dæmi: Listnámsbraut (**15-6-3-7**), stúdent – hæfniþrep 3

Hver tala hefur eftirfarandi merkingu:

fyrsta talan = ár,

önnur talan =staðfestingarnúmer í námskrárgrunni,

þriðja talan =hæfniþrep námsins,

fjórða talan =námslok

Eftirfarandi 12 námslok eru skilgreind í aðalnámskrá og er það aftasta talan í númeri brautar:

- 1 - Framhaldsskólapróf á fyrsta þrepi
- 2 - Önnur lokapróf á fyrsta þrepi
- 3 - Framhaldsskólapróf á öðru þrepi
- 4 - Próf til starfsréttinda á öðru þrepi
- 5 - Önnur lokapróf á öðru þrepi
- 6 - Bóknámsbrautir til stúdentsprófs (þriðja þrep)
- 7 - Aðrar brautir til stúdentsprófs (þriðja þrep)
- 8 - Próf til starfsréttinda á þriðja þrepi
- 9 - Önnur lokapróf á þriðja þrepi
- 10 - Próf til starfsréttinda á fjórða þrepi
- 11 - Viðbótarnám við framhaldsskóla (fjórða þrep)
- 12 - Nám fyrir nemendur á starfsbraut (fyrsta þrep)